



2.4. LANDSLAGSARKITEKTAR

2.4.1 HÖNNUNARKRÖFUR

2.4.1.1 ALMENN ATRIDI

Nýta skal eins mikið og hægt er af náttúrulegu umhverfi sem lóðin hefur upp á að bjóða. Við hönnun lóðar hjúkrunarheimilisins skal leitast við að auðvelda útiveru á öruggan hátt. Starfsfólk skal geta haft sem besta yfirsýn yfir lóðina.

Lóðarhönnun skal unnin af landslagsarkitekt sem hefur umtalsverða reynslu af hönnun lóða eins og hér um ræðir. Lóðarhönnun, allur frágangur og gerð tækja skal tekið út og samþykkt af heilbrigðisfulltrúa áður en framkvæmdir hefjast svo og að þeim loknum. Bílastæði á lóð skulu vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar, og öðrum þeim kröfum sem byggingaryfirvöld kunna að gera til lóðar sem þessarar. Tvö bílastæði skulu vera sérstaklega gerð og merkt fyrir fatlaða. Bílastæði skulu malbikuð. Bílastæði fatlaða skulu vera hellulögð og liggja í sama fleti og aðliggjandi gangstéttir. Lóðin skal hönnuð þannig að hægt sé að ferðast um alla lóðina.

2.4.1.2 FRÁGANGUR LÓÐAR

Ganga skal frá yfirborði lóðar hjúkrunarheimilisins á vandaðan hátt og séð skal til þess að hvergi geti safnast upp yfirborðsvatn. Séð skal fyrir skjólmyndun eins og frekast er hægt og að það njóti sem mestar sólar þegar hennar nýtur. Göngustígur skal liggja um lóðina og skal stígurinn vera með bundnu yfirborði, þannig að sem auðveldast sé komast um lóðina. Gangstéttir og göngustígar skulu vera með bundnu yfirborði t.d. hellulagt. Malarlagt yfirborð skal vera í lágmarki. Séð skal til þess að slökkvilið komist auðveldlega að hlíðum hjúkrunarheimilisins. Að öðru leiti skal yfirborð lóðarinnar ríkulega þakið gróðri, þ.e. grasi, plöntum og trjágróðri.

Skýringar:

- lóðamörk
- byggingareitur
- hús - kjallarahæð
- hús - 1. hæð
- landmötun á lóð - nettostærð er áætluð 2.985m²
- xx
- xx
- xx

Br. 29. sept. 2016 - áætluð nettostærð lóðar er kemur til framvæmda

HEITI VERKS:

SÓLVANGUR Í HAFNARFIRÐI
Hjúkrunarheimili

HEITI TEIKNINGAR:

Skipulag lóðar - bráðabirgðateikning
Yfirlitsmynd

VERKNR: 216-017	MKV: 1:500	TEIKNING NR: L-001
TEIKNAD AF:	HANNAÐ AF: sg/oh	DAGS. TEIKN: 14. sept. 2016
YFIRL. / UNDIRSKRIFT:	TEIKN. BREVTT. 29. sept. 2016	